

Þormóður Sveinsson arkitekt  
Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar.

Garðabær, 12. október 2022  
Málsnúmer: 202209-0012  
IAS/RT

### Efni: Skipulags- og matlýsing til umsagnar.

Við er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar, dags. 14. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna skipulags og matslýsingar vegna breytinga á annarsvegar Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og breytinga á deiliskipulagi Straumsvíkur og hinsvegar deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni og Straumsvík. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsgögnin og vill koma með eftirfarandi ábendingar.

Rétt vestan við skipulagssvæðið eru tvö svæði á náttúruminjaskrá.

Annars vegar er það Straumsvík (svæði nr. 112) en um það svæði segir: (1) Fjörur, strendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.

Hins vegar er það strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík (svæði nr. 111): (1) Fjaran og strandlengjan á u.þ.b. 500 metra breiðu belt, ásamt ísöltum tjörnum, frá botni Fögruvíkur að Straumi. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörlífi og gróðri. Tjarnir með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum. Útivistarsvæði með mikið rannsóknar- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli. Friðaðar söguminjar við Óttarsstaði.

Mikilvægt er að þessum svæðum verði ekki raskað og að ítarlega verði rannsakað hvort landfylling og stækkun hafnarinnar hafi áhrif á þessi svæði.

### Fyrirhugð efnistaka úr Rauðamel.

Talsverð efnistaka hefur verið úr gervigignum Rauðamel og er hann að mestu horfinn. Rauðamelur er í helluhrauni úr Hrútgjárdyngju sem rann fyrir 5 000 – 7 000 árum og nýtur það sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og forðast ber að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Einnig er gróður í hrauninu umhverfis Rauðamel með hátt verndargildi. Sjá nánar hér á eftir.

„Í hrauninu eru fjölmargir tilkomumiklir rishólar með áslæga sprungu sem liggur eftir hryggnum og minni geislasprungur á hliðum (17. mynd) (Óskarsson 2005). Áberandi dæmi eru Virkishólar skammt sunnan við Reykjanesbraut við gatnamót að Hvassahrauni (mynd á kápu). Þá eru einnig falleg dæmi um rissléttur með sprungum eftir jöðrum, sérstaklega í nágrenni við Rauðamel (18. mynd). Djúpar skálar eru í sumum rissléttunum. Rauðamelur er gervigíamyndun sem stóð upp úr hrauninu, en er nú gryfja eftir efnistöku.“ <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2018/NI-18007.pdf> bls. 20).

„Í Almenningi er mikið um sprungur og gjótur í svokölluðum rishólum í hrauninu (18. og 38. mynd). Gjótturnar eru misviðar en almennt grynri en á Strandarheiði og vex í þeim fjölbreytt flóra burkna og blómjurta. Það á einkum við um hraun sprungur í kringum Rauðamel í Almenningi en einnig í Hvassahrauni og víðar. Þar fylla stórir burknar á borð við fjöllaufung, sem þarna er algengastur, dílaburkna og stóraburkna dýpri og þrengri sprungur. Í grynri og opnari sprungum eru einnig þrihyrnuburkni og þrilaufungur (39. mynd). Í gjótum vaxa líka blómjurtir og sumstaðar birkir. Reynir fannst á tveimur stöðum og var það í fyrsta sinn sem hann er skráður á svæðinu (1. viðauki). Ferlaufungur, sem er friðlýstur, fannst á tveimur stöðum á svæðinu (40. mynd).“ <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2018/NI-18007.pdf> bls. 37).



Þrátt fyrir að Rauðamel hafi verið raskað er verndargildi hraunsins umhverfis verulega hátt og ekki æskilegt að raska því. Því er mikilvægt að kanna hvort ekki finnist annað efnistökusvæði fyrir framkvæmdirnar.

### **Carbfix.**

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að afmarka lóðir fyrir Coda Terminal á vegum Carbfix ohf. og gera grein fyrir framtíðaráformum ÍSAL á skipulagssvæðinu, en skipulagið nær til lóðar álversins beggja vegna Reykjanesbrautar.

Fyrirhugaðar lóðir eru á tveimur svæðum, svæði A sunnan Reykjanesbrautar en þar á að skipuleggja iðnaðarlóðir og lóðir fyrir borteiga vegna niðurdælingar og Svæði B fyrir atvinnulóðir norðan Reykjanesbrautar austan við álverið. Bæði svæðin eru mikið röskuð en þar finnst samt óraskað hraun á nokkrum stöðum og þarf að skoða hvort þar séu einhverjar formgerðir hrauna sem ástæða væri til að hlífa. Til skoðunar er að nýta hluta landsins til landgræðslu eða skógræktar, ekki er æskilegt að það verði gert á þeim hluta hraunsins sem enn er óraskaður.

Á svæði B voru allt að 1 000 tonn af úrgangi urðuð ólöglega á árunum 1996 og 1997 og kviknaði í úrganginum árið 1998 og logaði þar í um vikutíma áður en það tókst að slökkva eldinn. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort úrgangurinn hafi verið fjarlægður eða ekki en ef hann er þarna enn þá þarf að skoða hvort það þurfi að fjarlægja hann áður en byggt verður á svæðinu.

Landvistgerðir innan fyrirhugaðra lóðamarka njóta ekki sérstakrar verndar sem slíkar en hafa ber í huga að þær eru á nútímahrauni sem nýtur verndar eins og greint er frá hér að framan. Hins vegar vex allfjölbreyttur og gróskulegur burknagróður í gjótum á svæðinu og blátoppa finnst einnig innan lóðamarka en hún er á valista og var nýlega friðuð (Auglýsing nr. 1385/2021 í Stjórnartíðindum).

*„Blátoppa, sem er á valista sem tegund í nokkurri hættu (VU), vex á nokkrum stöðum í lyngdældum í hrauninu beggja vegna Reykjanesbrautar austan við álverið (14. og 21.–22. mynd). Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er vaxtarstaður blátoppu aðeins nokkrum metrum frá legu nýrrar akbrautar og þá er ekki gert ráð fyrir breidd vegfláa (Mannvit 2020). Framkvæmdir við fyrirhugaða breikkun Reykjanesbrautar eru því líklegar til að hafa bein áhrif á blátoppu með því að raska vaxtarsvæði hennar og eru áhrif framkvæmda því metin verulega neikvæð. Mjög hefur verið þrengt að búsvæði blátoppu á suðvesturhorninu, sem er hennar aðalútbreiðslusvæði (Hörður Kristinsson o.fl. 2007–2018). Er það fyrst og fremst vegna ýmissa framkvæmda en jafnframt vegna aukinnar útbreiðslu ágengra tegunda. Eins hefur slælegur umgangur í grennd við þéttbýli neikvæð áhrif á búsvæði hennar.“*

<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2020/NI-20007.pdf> (bls. 33).

*„Athugunarsvæðið er einnig kjörsvæði ýmissa, fremur sjaldgæfra burkna og fleiri plöntutegunda (3. tafla). Mun framkvæmdir hafa bein varanleg áhrif á vaxtarstaði þeirra á allnokkrum stöðum meðfram núverandi Reykjanesbraut (15. mynd). Áhrif framkvæmda eru metin talsvert neikvæð á burknana en þeir hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu þrátt fyrir að þeir vaxi allvíða á Reykjanesskaga.“*

<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2020/NI-20007.pdf> (bls. 33).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna en áskilur sér rétt á athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur

